



**Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík**

Dagsetning 5.5.2026
Málsnúmer FOR26010209

Almyrkvi á sólu 12. ágúst 2026 – svar við bókun borgarráðs

Vísað er til erindis Reykjavíkurborgar dags. 7. apríl 2026 þar sem bókun borgarráðs Reykjavíkurborgar er komið á framfæri við ráðuneytið. Forsætisráðuneytið þakkar fyrir erindið og tekur undir mikilvægi þess að vel sé staðið að undirbúningi fyrir þann atburð sem almyrkvinn er.

Vekur ráðuneytið athygli á því að forsætisráðherra skipaði í janúar 2026 stýrihóp með fulltrúum ráðuneyta til að samhæfa og samræma undirbúning íslenskra stjórnvalda vegna almyrkvans. Í stýrihópnum eiga fulltrúar eftirfarandi ráðuneyta sæti; forsætisráðuneytið, umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, innviðaráðuneytið, dómsmálaráðuneytið, fjármála- og efnahagsráðuneytið, heilbrigðisráðuneytið og atvinnuvegaráðuneytið.

Undir forystu almannavarnardeildar ríkislögreglustjóra starfar einnig samráðs- og samhæfingarvettvangur helstu hagaðila í samræmi við sviðsábyrgðarreglu. Samráðshópurinn hefur ekki ákvörðunarvald um framkvæmd einstakra verkefna, og breytir skipan hans ekki lögbundinni sviðsábyrgð né hlutverki einstakra aðila samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum. Hópurinn hefur það meginhlutverk að miðla upplýsingum milli lykilaðila, tryggja sameiginlega yfirsýn og samræmda nálgun og stuðla þannig að því að ábyrgðaraðilar hafi sem bestar forsendur til ákvarðanatöku innan síns verksviðs. Fulltrúar almannavarnanefnda á þeim svæðum þar sem almyrkvinn verður sýnilegur eru meðal þeirra sem eiga sæti áheyrnafulltrúa í samráðshópnum, meðal annars fulltrúi almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins. Samráðshópurinn mun jafnframt bjóða upp á sérstakan fund með fulltrúum þeirra sveitarfélaga sem um ræðir.

Áréttað er að þó fyrrgreind samhæfing stjórnvalda á landsvísu eigi sér stað kemur hún ekki í stað staðbundinnar ábyrgðar sveitarfélaga, lögregluembættis og viðkomandi stofnana sem að jafnaði bera ábyrgð á undirbúningi og framkvæmd aðgerða á sínu starfssviði.

Forsætisráðuneytið er tilbúið að veita frekari upplýsingar um störf og samspil stýrihóps ráðuneytanna og samráðs- og samhæfingarvettvangs undir forystu almannavarnardeildar ríkislögreglustjóra.

Fyrir hönd ráðherra,


Daniel Svavarsson


Atli Viðar Thorstensen